

BORGARSTJÓRN 19. september 2023: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á fjármögnun unglingsmiðjanna Traðar og Stígs – MSS23090119

Lagt er til að fallið verði frá því að skerða fjármögnun unglingsmiðjanna Traðar og Stígs um 12,7 milljónir, sbr. 6. lið fundargerðar velferðarráðs frá 6. september. Í staðinn sé færður peningur úr styrkjarpotti velferðarráðs uppá 12,7 milljónir yfir í rekstur Traðar og Stígs, þannig að ekki þurfi að skerða þjónustu við ungmenni sem eiga í félagslegum erfiðleikum og í leiðinni auka vinnuálag á starfsmenn. Með því er verið að færa hagræðingu á milli liða innan sviðsins en ekki falla frá hagræðingu.